

30. nóvember 2007  
SI-36654

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 22. nóvember 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem reka farmflutninga í eigin þágu (t.d. vegna útkeyrslu vöru) og farmflutninga í atvinnuskyni fái endurgreidd 50% af greiddu olúgjaldi. Vert er að benda á að engin rök eru færð fyrir þessari almennu niðurgreiðslu í greinargerð frumvarpsins, en tekið fram að flutningsmenn ætlist til að ríkissjóður bæti Vegagerðinni upp tekjutap af endurgreiðslunni. Að öðru leyti sér Seðlabankinn ekki ástæðu til að taka afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri